

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 22. nóvember 2001 staðfest aðalskipulag Laugardalshrepps 2000-2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Laugardalshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulag þetta öðlast þegar gildi.

*Geysi, Biskupstungnahreppi, 22. nóvember 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*